


Reykjavík 31.3.2021

Nefndarsvið Alþingis

Efni: Umsögn um tillögu um þingsályktun um gerð skoðanakönnunar um afstöðu til dánaraðstoðar meðal heilbrigðisstarfsfólks, 529. mál.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga innan Fíh er fylgjandi því að könnun verði gerð meðal heilbrigðisstarfsfólks um afstöðu þess til dánaraðstoðar. Jafnframt telur stjórn Fíh og fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga mjög mikilvægt að haft verði samráð við fagaðila á sviði líknarmedferðar þegar kemur að framkvæmd könnunnar. Til að niðurstaða könnunar endurspegli raunverulega afstöðu heilbrigðisstarfsfólks er því mikilvægt að hugtök séu rétt notuð og í samræmi við það tungutak sem notað er í heilbrigðisþjónustu. Vill stjórn Fíh og fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga benda á að Félagsstofnun Háskóla Íslands sem hlutlausan og faglegan aðila með mikla reynslu í gerð slíkra kannana.

F. h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fagdeildar krabbameinshjúkrunarfræðinga



Guðbjörg Pálsdóttir formaður

Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga



Reykjavík, 29.03.2021

Efni: Umsögn Landspítala um tillögu um þingsályktun um gerð skoðanakönnunar um afstöðu til dánaraðstoðar meðal heilbrigðisstarfsfólks.

Landspítali er fylgjandi því að gerð verði könnun meðal heilbrigðisstarfsfólks um afstöðu þess til dánaraðstoðar. Mikilvægt er hinsvegar að leitað verði til fagaðila á sviði líknameðferðar við gerð slíkrar könnunar þar sem borið hefur á hugtakaruglingi í almennri umræðu um málið sem meðal annars endurspeglast í greinargerð sem fylgir umræddri þingsályktun. Til að niðurstaða könnunar endurspegli raunverulega afstöðu heilbrigðisstarfsfólks er því mikilvægt að hugtök séu rétt notuð og í samræmi við það tungutak sem notað er í heilbrigðisþjónustu. Í því samhengi má benda á Félagsstofnun HÍ sem hlutlausan og faglegan aðila með mikla reynslu í könnunum af þessu tagi.

Þegar hafa verið gerðar athugasemdir við sömu atriði í skýrslu heilbrigðisráðherra um dánaraðstoð í bréfi frá líknarráðgjafateymi Landspítala til ráðherra dagsett 14. september 2020

Þar kom m.a. fram að :

1. Líknameðferð er sögð ein tegund dánaraðstoðar. Hið rétta er að líknameðferð fellur ekki undir skilgreininguna um dánaraðstoð. Það væri því villandi að spyrja heilbrigðisstarfsfólk um afstöðu þeirra til dánaraðstoðar ef líknameðferð er sögð vera ein tegund dánaraðstoðar. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) mælir með því við öll aðildarríki sín að líknameðferð sé hluti af almennri heilbrigðisþjónustu. Í skilgreiningu WHO kemur **ekki** fram að dánaraðstoð sé hluti af líknameðferð. <https://www.who.int/cancer/palliative/definition/en/>
2. Notkun orðanna *óbein og bein dánaraðstoð* er mjög ógagnleg og réttara er að að líta svo á að dánaraðstoð (e. Assisted dying) sé alltaf fyrirfram ákveðinn verknaður sem valdi dauða sjúklings. Á árum áður var oft talað um beint og óbeint líknardráp en það er löngu hætt. Læknisfræðilegar ákvarðanir um meðferð við undirliggjandi ástandi eða meðferð sem miðasteinungis að einkennum eru hins vegar alltaf teknar í samræmi við sjúkdómsástand viðkomandi og ætlaðan árangur fyrir einstaklinginn. Það er því alls ekki rétt að tala um óbeina dánaraðstoð þar sem í raun er verið að leyfa eðlilegu ferli að eiga sér stað.

Landspítali áréttar að umræðan um dánaraðstoð gerir kröfu um aðkomu heilbrigðisstarfsmannaog því nauðsynlegt að læknisfræðileg hugtök og skilgreiningar séu skýr og rétt sett fram.



Lífsvirðing, félag um
dánaraðstoð
Sjávargata 29
225 Álftanes
lifsvirding@lifsvirding.is
www.lifsvirding

Alþingi

Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2021

Efni: Umsögn Lífsvirðingar um tillögu til þingsályktunar um gerð skoðanakönnunar meðal heilbrigðisstétta, 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal nr. 889 – 529. mál.

Álit Lífsvirðingar:

Lífsvirðing, félag um dánaraðstoð, hvetur Alþingi eindregið til að samþykkja þingsályktunartillöguna enda yrði viðhorfskönnun um afstöðu heilbrigðisstarfsfólks til dánaraðstoðar hluti lýðræðislegrar og uppbyggilegrar umræðu.

RÖKSTUÐNINGUR:

Í skýrslubeiðni til heilbrigðisráðherra, sem flutt var og samþykkt á 150. löggjafarþingi 2019-2020, segir í e-lið beiðinnar:

„...hvort tækt sé að gera viðhorfskönnun meðal heilbrigðisstarfsmanna um afstöðu þeirra til dánaraðstoðar, annars vegar hvort starfsmenn telji dánaraðstoð vera réttlætlega í ákveðnum tilfellum og hins vegar hvort þeir væru tilbúnir að verða við slíkri ósk að uppfylltum skilyrðum og að því gefnu að það samræmdist íslenskum lögum.“

Í skýrslu heilbrigðisráðherra sem leit dagsins ljós seint á síðasta ári er ekki lagst gegn könnun og lögð áhersla að hún „verði unnin á hlutlausan hátt til að niðurstöður varpi sem bestu ljósi á raunveruleg viðhorf þeirra sem könnunina taka.“

Í þingsályktunartillögunni segja flutningsmenn „Eskilegt væri að heilbrigðisráðuneytið og Embætti landlæknis framkvæmdu könnunina í samstarfi við Læknafélagið og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.“ Lífsvirðing tekur heilshugar undir þá skoðun. Til að tryggja að sátt verði um niðurstöðurnar og tekið mark á þeim teljum við mikilvægt að slík könnun verði unnin á hlutlausan og vandaðan hátt af þeim aðilum sem nefndir eru í tillögunni undir leiðsögn heilbrigðisráðuneytis og Embættis landlæknis.

Miklar framfarir í læknávisindum hafa þær afleiðingar að hægt er að halda fólki lengur á lífi en áður. Líklegt má telja að dánaraðstoð verði eitt af dagskrárefnum samfélagsumræðunnar næstu ára líkt og í nágrannalöndum. Víðtæk, málefnaleg og yfirveguð umræða almennings og fagfólks er mikilvæg og lykillinn að gagnkvæmum skilningi. Til að svo geti orðið er mikilvægt að greinargóðar upplýsingar liggi fyrir. Rúmur áratugur er nú liðinn frá því að könnuð var afstaða íslenskra lækna og hjúkrunarfræðinga til dánaraðstoðar. Því teljum við afar mikilvægt að framkvæmd verði ný skoðanakönnun til að fá sem gleggsta mynd af afstöðu þessara tveggja heilbrigðisstarfsstétta til dánaraðstoðar og því hversu hátt hlutfall þeirra væri tilbúið að aðstoða við slíkt. Líkt og flutningsmenn þingsályktunartillögunnar benda á hefur stuðningur við dánaraðstoð meðal lækna og hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndunum aukist til muna á undanförunum árum og gera má ráð fyrir að það sama sé upp á teningnum hér á landi.

Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar benda á að þróun í frjálsræðisátt hafi verið hröð og það er fullyrðing sem óhætt er að taka undir. Tíðarandinn hefur breyst og aukin áhersla er á sjálfræði einstaklingsins og þátttöku í ákvörðunum. Bara á þessu ári hefur eitt Evrópuríki, Spánn, heimilað dánaraðstoð, og er þar með fjórða landið í Evrópu til að leyfa dánaraðstoð. Auk þess er læknisfræðileg aðstoð við að deyja leyfileg í Sviss. Í Portúgal er að öllum líkindum stutt í að löggjöf um dánaraðstoð verði samþykkt. Á síðasta ári urðu grundvallarbreytingar á afstöðu stærstu læknasamtaka Bretlands, sem létu af andstöðu sinni við dánaraðstoð¹. Hópur írskra lækna hefur einnig stigið fram og lýst yfir stuðningi við dánaraðstoð fyrir fullorðna einstaklinga sem geta gefið upplýst samþykki sitt og eru með ólæknandi sjúkdóm.²

Mikilvægi réttar hugtakanotkunar til að forðast misskilning

Að gefnu tilefni vill Lífsvirðing koma að athugasemd varðandi misskilning sem birtist í skýrslu heilbrigðisráðherra sem var lögð fram á síðasta ári.

Í þingsályktunartillögunni segir að við framkvæmd skoðanakönnunarinnar sé nauðsynlegt að spyrja almennt um afstöðu heilbrigðisstarfsfólks til dánaraðstoðar og um leið um afstöðu þess til undirhugtaka sem til breytinga gætu heyrt. Lífsvirðing gerir alvarlegar athugasemdir við skilgreiningar á undirhugtökum í skýrslu heilbrigðisráðherra.

Í fyrsta lagi er haldið fram í skýrslunni að líknarmeðferð sé „ein tegund dánaraðstoðar“. Það skýtur skökku við þar sem þeir sem standa að líknandi meðferð hérlendis hafa ávallt haldið fram að hún sé ekki veitt í þeim tilgangi að binda endi á líf sjúklinga heldur aðeins til að lina þjáningar. Við hjá Lífsvirðingu höfum reyndar alltaf verið þeirrar skoðunar að dánaraðstoð ætti að vera hluti líknar- og lífslokameðferðar en hún er það sannarlega ekki í dag þar sem dánaraðstoð er ekki heimil samkvæmt lögum.

Í öðru lagi er talað um óbeina dánaraðstoð en meðvitað athafnaleysi læknis sem veitir sjúklingi ekki þá meðferð sem gæti lengt líf hans telst að okkar mati heldur ekki til dánaraðstoðar eins og hún er almennt skilgreind. Þess ber að geta að starfsmenn líknarráðgjafarteymis Landspítala og formaður Læknafélag Íslands gerðu alvarlegar athugasemdir við skýrslu heilbrigðisráðherra og töldu nauðsynlegt að hún yrði dregin til baka og innihald hennar leiðrétt.³

¹ <https://www.rcplondon.ac.uk/news/rcp-clarifies-its-position-assisted-dying> og [Physician-assisted dying survey \(bma.org.uk\)](https://www.bma.org.uk/physician-assisted-dying-survey)

² [Doctors' group backs 'right to die' campaign - Independent.ie](https://www.independent.ie/news/ireland/doctors-group-backs-right-to-die-campaign-2018-08-14)

³ [Villja að heilbrigðisráðherra dragi skýrslu um dánaraðstoð til baka | Læknafélag Íslands \(lis.is\)](https://www.lis.is/villja-a-d-heilbrigdisradherra-dragi-skyrslu-um-danaradsto-d-til-baka)

Við hjá Lífsvirðingu teljum að könnunin ætti annars vegar að taka til læknisfræðilegrar aðstoðar við að deyja (sem á ensku heitir *Medical Assistance in Dying* eða *MAID*) og hins vegar til beinnar dánaraðstoðar (sem á ensku heitir *euthanasia* og felst í því að læknir sprautar sjúkling með lyfi sem veldur dauða sjúklingsins). Ástæðan fyrir því er að heilbrigðisstarfsmenn og þá sérstaklega læknar hafa aðallega verið andvígir þessum tveimur ofangreindum leiðum. Við teljum afar mikilvægt að hugtakanotkun og orðalag spurninganna í skoðanakönnuninni verði skýrt.

Hvað varðar hugtakanotkun þá leggur Lífsvirðing til að stuðst verði við orðið dánaraðstoð og látið af notkun á orðinu „líknardráp“ enda þykir orðið gildishlaðið og afar neikvætt. Að nota líknardráp sem þýðingu á orðinu „euthanasia“ er auk þess eins langt frá merkingu orðsins og hugsast getur. Orðið „euthanasia“, kemur úr grísku og þýðir „mildur eða góður dauðdagi“. Dánaraðstoð er milt, lýsandi og hlutlaust hugtak sem er einnig notað í Svíþjóð (dödshjälp), Noregi (dødshjelp) og Danmörku (dødshjælp).

Fulltrúar Lífsvirðingar eru ávallt reiðubúnir að ræða málefni dánaraðstoðar á hvaða vettvangi sem er, m.a. með því að mæta fyrir þingnefnd og fjalla um þessa umsögn. Einnig bjóðast fulltrúar félagsins til að koma að vinnu við gerð könnunarinnar en sérstaklega við hugtakanotkun svo forðast megi misskilning.

F.h. Lífsvirðingar, félags um dánaraðstoð



Ingrid Kuhlman

Formaður

ingrid@lifsvirding.is

s. 892 2987



LÆKNAFÉLAG

ÍSLANDS STOFNAD 1918

Icelandic Medical Association

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi, 12. apríl 2021.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um gerð skoðanakönnunar um afstöðu til dánaraðstoðar meðal heilbrigðisstarfsfólks, 529. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 17. mars 2021 þar sem óskað er álitis Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um gerð skoðanakönnunar um afstöðu til dánaraðstoðar meðal heilbrigðisstarfsfólks, 529. mál á 151. lögjafarþingi.

Í tillögunni felst að heilbrigðisráðherra verði falið að láta gera skoðanakönnun meðal heilbrigðisstarfsfólks um afstöðu þess til dánaraðstoðar. Markmið könnunarinnar verði að fá sem gleggsta mynd af afstöðu heilbrigðisstarfsfólks til álitaefnisins, sem hafi fengið meiri opinbera umræðu eftir að skýrsla heilbrigðisráðherra um dánaraðstoð kom út og kanna hvort og hvernig afstaða heilbrigðisstarfsfólks hafi breyst svo unnt sé að vinna málið áfram. Ráðherra kynni Alþingi niðurstöður skoðanakönnunarinnar á haustþingi 2021.

LÍ getur ekki stutt þessa tillögu. Félagið telur umræðu um dánaraðstoð hafa verið einhliða og bjagaða. Skýrsla heilbrigðisráðherra sem kynnt var í byrjun september 2020 hefur verið gagnrýnd af fagfólki sjá <https://www.lis.is/is/um-li/frettakerfi/vilja-ad-radherra-dragi-skyrslu-um-danaradstod-til-baka>. Forysta LÍ hefur tekið undir þá gagnrými og fjallað um dánaraðstoð, sjá t.d. <https://www.lis.is/is/um-li/frettir/althjodasamtok-laekna-og-danaradstod> og <https://www.lis.is/is/um-li/frettakerfi/danaradstod-eda-liknardrap>.

LÍ leggst því gegn því að skoðanakönnun af þessu tagi verði gerð fyrir en umræðan um dánaraðstoð verður viðtækari og almennari og ekki knúin fram af þeim sem harðast vilja beita sér fyrir lögleiðingu dánaraðstoðar.

Verði eftir því óskað eru fulltrúar LÍ tilbúnir til að koma á fund velferðarnefndar Alþingis til að ræða þessa þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrímsson, formaður